

# Tillögur að Danshúsi

Miðstöð fyrir  
samtímadans  
á Íslandi



Ávinnungur af rekstri danshúss fyrir  
íslenskt atvinnu-, efnahags- og menningarhlíf

Greinargerð

Reykjavík

Október 2007



# Efnisyfirlit

<b>1. Inngangur .....</b>	<b>4</b>
<b>2. Danshús - miðstöð fyrir samtímadans á Íslandi.....</b>	<b>5</b>
2.1 Stefnumið .....	5
2.2 Hlutverk – tilgangur – markmið .....	6
2.3 Stoðkerfi .....	6
2.4 Innleitt samhengi .....	6
2.5 Evrópskt samhengi .....	7
2.6 Markaðurinn .....	7
2.7 Samfélagsþróunin.....	7
<b>3. Skipulag og uppsætning danshúss á Íslandi.....</b>	<b>8</b>
3.1 Starfsþættir danshússins .....	8
3.2 Þrjár einingar danshússins.....	8
3.2.1 Danshús-vinnustofa .....	8
3.2.2 Danshús-framleiðslusvið.....	9
3.2.3 Danshús-rannsóknarsvið.....	9
3.2.4 Brunnur listamanna.....	9
3.3 Þjálfunartímar og námskeið .....	10
3.4 Fræðsla og áhorfendur.....	10
3.5 Uppbygging tengslaneta .....	10
3.5.1 Reykjavík Dance Festival .....	10
<b>Viðauki - Forsendur áframhaldandi þróunar.....</b>	<b>11</b>

# 1. Inngangur

Í breyttu menningarlandslagi Evrópu hafa danshús komið inn á sjónarsviðið sem ferskur andblær með starfsemi sem einkennist af öflugu tengslaneti, samvinnu og flæði milli borga, sveitarfélaga og landa. Í danshúsum, þar sem horfið er frá stofnana væðingu, er vettvangur fyrir danslistamenn til að starfa sjálfstætt, byggja upp sinn starfsferil og mynda sambönd til framtíðar. Danshúsin veita þeim þekkingu, upplýsingar, aðstöðu og fjármagn til þessa.

Síðustu ár hafa sjálfstætt starfandi danslistamenn stigið fram á sjónarsviðið í sí auknu mæli og haft frumkvæðið að margvíslegum verkefnum og viðburðum hérlandis sem erlendis. Þeir hafa unnið þrekvirki sem komið hefur Íslandi á kortið sem öflugum, framsæknum og spennandi menningarheimi. Vinna þeirra sem hafa haslað sér völl á erlendum vettvangi hefur að miklu leiti átt sér stað í danshúsum. Í fæstum tilfellum hefur þessi vinna skilað sér hingað til lands þar sem starfsumhverfi danslistamanna er óviðunandi.

Nú er tækifæri til að virkja þá krafta sem búa í okkar danslistamönnum með því að byggja upp aðstöðu hérlandis í formi danshúss. Þar yrði komið á miðstöð alþjóðlegra tengsla með virku flæði þekkingar, samvinnu og sköpunarkrafts milli landa. Starfsvettvangur danshússins mun þó ekki einskorðast við höfuðborgarsvæðið þar sem tenging við nýtilkomin menningarhús á landsbyggðinni verður tryggð.

Í gegnum Félag íslenskra listdansara (FÍLD) hefur íslenskum danslistamönnum þegar verið boðið að vera aðili að IDEE – Initiatives in Dance through European Exchange, einu stærsta tengslaneti danshúsa í Evrópu, þegar danshús verður sett á stofn hérlandis. Með þessu samstarfi mun Reykjavík skipa sér í röð borga svo sem Vín, París, London og Barcelona, sem hafa fest sig í sessi sem menningarborgir Evrópu og þar sem nýsköpun og áræðni danslistarinnar ræður ríkjum.

Forsvarsmenn FÍLD hafa unnið eftifarandi greinargerð þar sem kallað er eftir stofnun danshúss hér á landi. Innan ramma danshússins rúmast margir þættir sem geta orðið danslistinni til verulegs framdráttar. Gera má ráð fyrir að starfsemin byggist upp í áföngum og verkefnum fjölgi eftir því sem danshúsini vex fiskur um hrygg. Á sumum sviðum er eflaust hægt að nýta sér samlegðaráhrif af samstarfi við aðra aðila. Þó má ljóst vera að danshús getur orðið ómetanlegur aflgjafi til áframhaldandi uppbyggingar listdans á Íslandi. Með markvissu starfi á öllum vígstöðvum er hægt að margfalda áhrif danslistamanna og gera danslistina að frjóu menningaraflí.

Við undirbúnung skýrslunnar var meðal annars rætt var við fulltrúa danshúsa í Stokkhólmi, Kaupmannahöfn, Oslo, Amsterdam, Vín, London og Belfort auk þess sem mið var tekið af þeirri hröðu þróun og breytingum sem átt hafa sér stað innan alþjóða danssamfélagsins á síðustu árum.

Höfundar greinagerðarinnar, Karen María Jónsdóttir og Ólöf Ingólfssdóttir, eru núverandi og fyrrverandi formenn Félags íslenskra listdansara. Þær hafa veitt uppbyggingu dansmenntunnar innan Listaháskóla Íslands, Kennaraháskóla Íslands og framhaldsskólanna forystu auk Reykjavík Dance Festival (Nútímadanshátíð í Reykjavík). Þær hafa báðir öðlast reynslu af danshúsum erlendis í gegnum vinnu sína og því tengslaneti sem því tilheyrir.

## 2. Danshús

### - miðstöð fyrir samtímadans á Íslandi

#### 2.1 Stefnumið

Í listdansi tekst listamaðurinn á við allar víddir mannlegrar tilvistar, líkamlega, tilfinningalega og vitsmunalega. Þannig er danshús rammi utan um flæði hugmynda, sköpunar, fræða, varðveislu og frumkvæðis. Danshús er miðstöð þar sem allir þeir sem koma að listdansi mætast, hver á sínum forsendum. Starfsemi danshússins einkennist af sveigjanleika og getu til að bregðast hratt við síbreytilegum aðstæðum. Það verður sameiginlegur vettvangur danslista- og fræðimanna sem eiga í gagnvirkum samskipum jafnt á formlegum og óformlegum nótum. Þær hugmyndir sem fæðast fá mikla aðhlynningu í gegnum virk samskiptaferli og verða þannig líklegri til að ná langt. Þrír megin uppistöðu þættir danshússins eru listraen vinna, framleiðsla og þekking. Sum verkefni snerta alla þætti hússins meðan önnur eru á afmarkaðri svíðum. Þannig hýsir danshúsið listdansinn, nærir hann, þroskar, styrkir, ögrar og verndar.

#### Danshús er:

**Flæði** milli danslistamanna hérlendis og á alþjóðavettvangi, samkomustaður fyrir alla þætti danslistarinnar og miðstöð þar sem sveigjanleiki er í fyrirrúmi.

**Farvegur** fyrir tengslamyndun og samskipti þar sem ólíkir straumar og stefnur mætast. Verkefni eru þverfagleg þar sem svíðslistirnar og aðrar listir koma saman í alþjóðlegrí samvinnu. Samtímadansinn sækir kraft sinn til þessara tengslaneta.

**Vettvangur** sem nær út fyrir mörk hinnar hefðbundnu dansstofnunnar, dansflokkus eða danshátiða. Danshús vinnur að einskaklingsbundnum verkefnum frekar en dansflokksmundun og því er listrænn fjölbreytileiki hlutfallslega mjög mikill.

**Kveikja** til framsækni og nýsköpunar. Danshús hvetur listamenn til að reyna á eigið þanþol og listraen mörk, kafa í viðfangsefnið, ögra sjálfum sér og sprengja viðtekna ramma.

**Aflstöð** fyrir framkvæmdir og framleiðslu. Árlegt skipulag er þróað í samspili við atvinnuumhverfi listamanna með það fyrir augum að skapa ný tækifæri og veita listamönnum hagnýta þjálfun.

**Brunnur** til endurnæringar og speglunar. Í samvinnu listamanna og fræðimanna býðst samtímadansinum ný tegund orðræðu innan fagurfræði, félagsvíinda og heimspéki.

**Rannsóknarstofa** í listum, þar sem stundaðar eru rannsóknir á líkamanum og tengslum hans við samfélagið. Danshús stendur fyrir nýju viðhorfi til þekkingar á 21. öldinni. Það teflir fram nýjum leiðum þar sem hvatt er til akademískra vinnubragða og hugsunarháttar í dansrannsóknum.

**Þekkingarmiðlun** í lifandi formi. Hver einasti líkami er safn þekkingar. Henni er miðlað í samneyti dansara, danshofunda og dansfæðimanna og verður þannig að nýrri menningararfleið.

**Upplýsingaveita** sem byggir brýr út í samfélagið, tekur það inn og eflir tengslin við almenning. Danshúsið býður upp á námskeið, fræðslu, upplýsingabjónustu, gagnamiðlun og varðveislu.

## 2.2 Hlutverk – tilgangur – markmið

Stærsta hlutverk danshúss er að vernda, ögra og sækja fram og taka sér þannig sterka stöðu innan samfélagsins í menningarlegu og landfræðilegu samhengi. Danshúsið er opið fyrir öllum formum, stílum og ferlum innan listdansins. Danshús er ábreifanlegt rými sem þjónar listdansforminu og hefur endurnýjun og sveigjanleika að leiðarljósi.

Tilgangur danshúss er að styðja undir hin fjölmörgu skref í sköpunarferli danslistamannsins, innan ákveðins ramma þar sem sameiginleg ábyrgð er tekin. Þetta samkomulag er opið fyrir breytingum og stuðlar þannig að því að sem best listræn útkoma og þroski listamannsins sé ávallt í fyrríumi. Nauðsynlegt er að styðja nægilega við hið listræna þroskaferli, skref fyrir skref og samkvæmt þörfum hvers og eins. Grunnforsenda þess að vel takist til er traust og trú á tilgang verkefnisins þrátt fyrir að útkoman sé óþekkt.

## Markmið danshúss er:

- að aðstoða upprennandi danslistamenn í faglegri þróun sinni
- að stuðla markvisst að listrænni fjölbreytni
- að skapa nýjar leiðir í samskiptaformum við áhorfendur
- að horfast í augu við síbreytilegar listrænar, fagurfræðilegar, félagslegar, gagnrýnar, formrænar og ábreifanlegar forsendar sköpunar
- að stuðla að kraftmiklu flæði sem teygir anda sína inn á alþjóðlegan markað
- að leggja grunninn að samskiptum við aðrar stofnanir og samferðamenn innan listarinnar
- að skapa og þróa sérþekkingu og reynslu
- að stuðla að útbreiðslu þekkingar

## 2.3 Stoðkerfi

Danshús hefur það uppbyggilega hlutverk að auðvelda listamanninum að gera verkefni sín að veruleika undir bestu mögulegu kringumstæðum. Mismunandi starfssvið danshúss bjóða upp á samhengi til endurspeglunar, samanburðar og gagnvirkra hugmyndaskipta og hugmyndatengsla. Þar gefst danslistamönnum tækifæri til þess að helga sig list sinni í samfelldri þróun, skapa sín eigin tækifæri og margfalda fjárfestingu samfélagsins sem öflugir listamenn á alþjóða mælikvarða. Vinna listamannsins er þannig aldrei einangruð frá öðrum þáttum danssamfélagsins.

Það er hlutverks stoðkerfis sem þessa að auðvelda samskipti, fundi og samruna danslistamanna og dansfræðimanna. Stoðkerfið stuðlar að endurspeglun, viðbrögðum og skilgreiningu á sameiginlegum áhugasviðum og fær þannig ráðgjafahlutverk á menningarpólítískum nótum. Með því að bjóða upp á heimilda- og myndbandasafn eykur það menningarlega skynjun og skilning á danssamfélagini. Stoðkerfið þróar þannig betri samvinnu og samfelli milli einstakra þátta núverandi danssamfélags með virkri hringrás allra eininganna í gegnum sameiginlegan flót – Danshúsið.

## 2.4 Innlent samhengi

Menning er lykilatriði í lifandi byggðastefnu og bættum búsetuskilyrðum. Eitt af hlutverkum danshúss er að byggja brýr út í samfélagð og gildir það um landið allt. Danshús verður hluti af tengslaneti innlendra menningarhúsa. Þar opnast möguleikar á dvöl danslistamanna í gestavinnustofum og verkefnum sem unnin eru í tengslum við íbúa viðkomandi byggðarlags. Sýningarförir um landsbyggðina verða reglulegir viðburðir. Uppbygging í dansi er hafin meðal annars á Ísafirði og Akureyri og danshúsið mun taka virkan þátt í þróun þessarar starfsemi. Danshúsið verður auk þess bakhjalr í uppbyggingu listdansins á landsbyggðinni með upplýsingum, gagnkvæmum heimsóknum og námskeiðum. Með þessum tengslum skapast aðstaða til þess að gera dansinn að aðráttaraflí í uppbyggingu menningarlífsins og þannig geranda í samfélagsþróun byggðarlaga.

## 2.5 Evrópskt samhengi

Allar helstu menningarborgir Evrópu hafa yfir danshúsi að ráða. Starfsemi hvers húss hefur þróast í samræmi við aðra þróun í listalífi viðkomandi lands og er því starfsemin með nokkuð ólíku sniði milli landa. Flest eiga húsin það þó sameiginlegt að vera bakhjarl fyrir skapandi listamenn og vettvangur verkefna á mismunandi stigum. Starfsemin miðast við einstök verkefni frekar en fasta hópa og þannig eru húsin frekar þróunarmiðstöðvar en fast aðsetur listamannahópa. Danshúsini hafa reynst afar mikilvæg lífæð í danslifi viðkomandi staða. Húsin hafa verið brú milli náms og starfsumhverfis, gróðrarstöð nýsköpunar og framsækni, staður þar sem ólíkir aðilar mætast, upplýsingamiðstöð innanlands og snertiflötur við erlenda listamenn, meðal annars í gegnum gestavinnustofur.

Til að undirstrika þróun danshúsa í Evrópu má nefna að maí mánuður 2005 markaði opinberlega upphaf hins ESB-styrkta nets IDEE – Initiatives in Dance through European Exchange. IDEE er öflugur stuðningsaðili við stofnun danshúss á Íslandi og hefur nú þegar lýst yfir að Danshúsið sé velkomið í samtökin þegar það verður stofnsett.

### Í IDEE koma saman sjö danshús frá sjö mismunandi löndum í Evrópu:

Tanzquartier Wien (TQW) í Vín, Austurríki  
Centre National de la Danse í París, Frakklandi  
Tanzhaus nrw í Düsseldorf, Þýskalandi  
Mercat de les Flors í Barcelona, Spáni  
Dansens Hus í Oslo, Noregi  
Dansens Hus í Stokkhólmi, Svíþjóð  
The Place í London, Englandi

### Þessi sjö danshús tengjast fimm öðrum danshúsum:

DeVIR / CAPa í Faro, Portúgal  
Kanuti Gildi SAAL í Tallin, Eistlandi  
L'Association pour la Dance Contemporaine í Genf, Sviss  
Centrul National Dansului (CNDB) í Búkarest, Rúmeníu  
Isadora & Raymond Duncan Research Center í Áþenu, Grikklandi


Danshús standa ekki lengur í útjaðri heldur í miðju breytrar menningarmyndar Evrópu. Þau gegna mikilvægu hlutverki sem gerandi á menningarsviðinu og hafa náð athyglisverðum árangri og miklum vinsældum. Þau hafa náð að uppgötva ný starfssvið danslistarinnar og eru sendiherrar nýrrar menningarstefnu.

## 2.6 Markaðurinn

Ísland er vaxandi markaðssamfélag þar sem stöðugar breytingar eiga sér stað sem rekja má til efnahagslegra, tæknilegra og pólitískra þátta. Þessar breytingar má ekki síst sjá á stöðu landsins á alþjóðavettvangi. Listdans er verðmæt útflutningsvara en framleiðsla á listdansi er lítil á Íslandi miðað við önnur lönd Evrópu. Í mótu atvinnu- og menningarstefnu landsins er nauðsynlegt að lögð sé áhersla á dans sem mikilvægan þátt nýsköpunar. Framsækin list og nýsköpun eykur verðmætasköpun og styrkir verulega samkeppnishæfni íslensks listdans. Í þessu samhengi er nauðsynlegt að líta á sjálfstæða dansara, danshofunda og dansfræðimenn sem sprotafyrirtæki, mikilvægi þeirra er augljóst en stöðug og virk nýsköpun er grunnskilyrði í framþróun atvinnulífsins og forsenda gróandi þjóðlíf. Nauðsynlegt og eðlilegt er að gefa þessum sprotafyrirtækjum kost á að bæta sköpun sína og styrkja framleiðslu þeirra.

## 2.7 Samfélagsþróunin

Mikilvægi skapandi nálgunar á öllum sviðum þjóðfélagsins verður æ ljósara. Listamenn eru oft skrefinu á undan í sýn sinni á framtíðina. Til grundvallar henni liggar frumleg tengslamyndun ásamt rökrænu mati og ályktunarhæfni, en í listum er leyfilegt að leika, spryja og ögra, sem leiðir til ýmissa óvæntra tenginga. Innan danshússins skapast möguleikar fyrir danssamfélagið til að leggja sitt af mörkum til breiðari félagslegrar og menningarpólitískrar samræðu. Þar verður deigla nýrra hugmynda og virkt samfélag allra þeirra ólíku aðila sem koma að listdansi.



# 3. Skipulag og uppsetning Danshússins á Íslandi

## 3.1 Starfssvið

Danhúsið verður rekið sem sjálfseignarstofnun styrkt af ríki og borg. Í danshúsínu munu fjölmargir þættir danslistarinnar hafa aðsetur sitt. Auk fastrar starfsemi hússins, sem verður gerð skil hér á eftir, verður í húsinu aðstaða til fundarhalda og starfsemi fagfélaga eins og Félags Íslenskra Listdansara, Dansfræðifélagsins og Félags Íslenskra Listdanskennara. Reykjavík Dance Festival verður hluti af þessari kraftmiklu heild og mun hafa aðstöðu til þess að skipuleggja og framkvæma allt sem viðkemur undirbúningi hátiðarinnar. Auk þess verða dansmyndagerðarmenn með aðstöðu til sinnar framleiðslu. Öll aðstaða í húsinu verður í samræmi við alþjóðleg viðmið á þessum vettvangi. Gert er ráð fyrir endurhönnun eldra húsnæðis en ekki nýbyggingu. Starfsemi Danshússins mun byrja smátt, en vaxa hratt fyrstu árin. Mikilvægt er að fjármögnun verkefna verði tryggð strax í upphafi.

## Starfssvið danshúss er:

- að reka miðstöð fyrir dans á Íslandi og stuðla að kynningu og uppbyggingu hans
- að skapa vettvang fyrir verklegar og fræðilegar vinnustofur
- að framleiða listræn verkefni í samstarfi við listamenn og hátiðir
- að vera í virkum samskiptum við menningar- og menntastofnanir á sviði listdansins
- að efla markaðsstöðu listdansins
- að byggja upp gagnvirka fræðslumiðstöð fyrir skóla og almenning um listdans og skipuleggja fyrilestra, málþing og ráðstefnur

## 3.2 Þrjár einingar Danshússins

Innan Danshússins má finna þrjár sjálfstæðar einingar: Danshús-vinnustofur, Danshús-framleiðsla og Danshús-rannsóknir. Danshúsið býður danshöfundum upp á þróunarferli í stað þess að ráða þá til fastra verkefna. Fyrstu skrefin snúast um að virkja og veita listrænum þroska einstaklingsins reglulega innspýtingu. Sú vinna á sér stað á vinnustofum og rannsóknasviði Danshússins. Seinni skref ferlisins undirbúa danslistamanninn fyrir sjálfstæðan starfsferil í samvinnu við framleiðslusvið Danshússins.

### 3.2.1 Danshús-vinnustofur

Vinnustofur danshússins verða kraftmikil tenging milli upprennandi listamanns og atvinnuumhverfisins. Vinnustofurnar bjóða danslistamanninum rými til þess að þróa hæfileika sína og listræn sérkenni.

Árlega býður Danshúsið allt að fjórum listamönnum aðstöðu í vinnustofum sínum. Umsækjendur eru metnir á forsendum listræns áreiðanleika, fagmennsku, færni í handverki danssmíðanna og þeirri framtakssemi og áraðni sem nauðsynleg er hverjum þeim sem vill byggja upp sína eigin framtíð á sjálfstæðan hátt. Einnig er mikilvægt að listamaðurinn sé opinn fyrir faglegri gagnrýni. Vinnustofa felur í sér að Danshúsið býður danslistamanni vinnuaðstöðu og leiðbeinanda til að vinna að rannsóknarmarkmiðum sínum.

Í samvinnu við listamanninn verður sett upp eins til tveggja ára plan þar sem listræn markmið hans eru skilgreind og gerð áætlun um hvernig þeim verði náð. Danshúsið velur leiðbeinanda út frá þörfum og markmiðum listamannsins þar sem útgangspunkturinn er ávallt þroski listamannsins og hans listræna sýn. Leiðbeinandinn fylgir þroskaferli hans þann tíma sem hann vinnur innan ramma danshússins. Hann fylgist með ferlinu í heild sinni og kemur með tillögur og ábendingar útfra þeim áskorunum sem listamaðurinn sér fyrir sér.

Leiðbeinandi er einnig tengiliður við utanaðkomandi fagfólk á ýmsum sérsviðum. Danshúsið býður í gegnum tengslanet sitt uppá dvöl í gestavinnustofu hluta af samstarfstímanum. Sú dvöl gæti verið í menningarhúsi á landsbyggðinni eða við eitthvert hinna fjölmörgu danshúsa Evrópu. Í öllu falli gefst listamanninum tækifæri til að sjá sig í nýju samhengi og kynnast öðrum menningarstraumum. Eftir ár er staðan metin og skoðað hvort grundvöllur er fyrir áframhaldandi vinnustofum. Eftir tveggja ára ferli innan vinnustofanna er staðan metin á ný og skoðað hvort gagnkvæmur vilji sé til að halda áfram innan Danshús-framleiðslusviðs.

### 3.2.2 Danshús-framleiðsla

Framleiðslusvið danshússins snýr að því að stíga skrefið frá vinnustofu út í opinberan vettvang atvinnulífsins. Framleiðsla á fyrrstu verkum danslistamanna sem enn hafa ekki skapað sér nafn er áhætta sem leikhús hér á landi eru ekki tilbúin til að taka. Það er hinsvegar nauðsynlegt skref fyrir listamanninn til að byggja upp sinn starfsferil. Vinnustofur Danshússins og framleiðslusvið þess gegna lykilhlutverki í uppbyggingu samtímadansins sem atvinnugreinar á Íslandi og í alþjóðaumhverfi.

Listamanninum er fylgt í gegnum ferlið frá hugmynd til listræns viðburðar. Listrænn stjórnandi danshússins hefur ráðgefandi hlutverk þegar kemur að þeirri stefnu sem listamaðurinn tekur, bæði hvað viðkemur sýningunni sjálfri og áframhaldandi þróun. Hann ráðleggur listamanninum við samsetningu listræns teymis og mætir sköpunarferlinu með uppbyggjandi gagnrýni. Sem framleiðandi verkefnisins kynnir danshúsið listamanninum fjármögnumnarleiðir og aðstoðar við umsóknarferlið. Einnig kemur danshúsið að markaðsetningu í samvinnu við listamanninn og leitar eftir innlendum og erlendum meðframleiðendum. Danshúsið tekur þátt í framleiðslu á einni eða tveimur sýningum. Eftir þetta tímabil er litið svo á að danslistamaðurinn geti sjálfur stigið þau skref sem nauðsynleg eru til þess að setja upp sýningu með skýrum listrænum og fjárhagslega raunhæfum markmiðum. Komið er á tengslum við mögulega framleiðendur, danshópa og hátiðir innanlands og utan og lýkur þar með ferli hans innan Danshússins.

### 3.2.3 Danshús-rannsóknir


Rannsóknarstofur Danshússins er vettvangur fyrir fræðimenn jafnt sem listamenn. Við þróun verkefna og hugmynda á frumstigi geta listamenn fengið rými í 1 – 2 vikur og sótt í bekkingarbrunna Danshússins gagnrýnið samtal, tengingu við sögu og fræði, heimildavinnu og forvinnu verkefna með þeim víðfeðmu tengingum sem það felur í sér. Hugmyndin er skoðuð frá ýmsum hliðum og síðan tekin gagnrýnin afstaða til þess hvort hún skuli tekin yfir á næsta stig, vinnustofu.

Fræðimenn geta annarsvegar unnið að verklegum og hins vegar fræðilegum rannsóknum. Þetta rannsóknarferli getur verið 2 vikur til 3 mánuðir, allt eftir eðli rannsóknarinnar. Inntak rannsókna á svíði listtdans er fjölbreytt og snertir meðal annars form, efnistök, aðferðir, miðlun, sögu og þjóðfélagslegt samhengi. Mikilvægi rannsókna innan listanna er ótvíraett. Dansrannsóknir snerta flest svíð mannlífsins, svo sem tónlist, mannfræði, líffærafræði, aflfræði, stærðfræði, pólitík, félagsfræði og kynjafræði. Þessar rannsóknir stuðla að ákveðinni víxlverkun sem opnar nýjar leiðir til frumsköpunar. Varðveisla og úrvinnsla heimilda er einnig á hendi fræðimanna sem með starfi sínu ljá þessari list augnabliksins lengra líf og tryggja að komandi kynslóðir hafi aðgang að sinni menningararfleifð.

### 3.2.4 Brunnur listamanna

Danshúsið sækir út í samfélagið upprennandi listamenn og gefur þeim færi á að þráa sig í fullbúnu umhverfi. Það beinir augum sínum að danslistamönnum sem geta auðgað danssamfélagið með sýn sinni á listina, eigin stíl eða stilbrigði og þverfaglegri nálgun listgreinanna. Sá brunnur sem Danshúsið mun meðal annars sækja þessa einstaklinga í er:

- Leiklistardeild Listaháskóla Íslands: Dansbraut BA, Fræði og framkvæmd BA.
- Erlendar námsbrautir í skólum eins og P.A.R.T.S. (Brussel), Laban (London), SNDO (Amsterdam), DASARTS (Amsterdam) og Skolen vor moderne dans (Kaupmannahöfn) svo framarlega sem viðkomandi hefur áhuga á að byggja um starfsvettvang sinn í tengslum við íslenska menningu.
- Íslenskir dansarar af innlendum og erlendum vettvangi sem vilja þráa sína eigin listrænu sýn.
- Danslistamenn frá evrópskum danshúsum.



### **3.3 Þjálfunartímar og námskeið**

Í Danshúsini verða þjálfunartímar á hverjum morgni fyrir sjálfstætt starfandi dansara. Þessir þjálfunartímar hafa fjölbreytt gildi, en auk þess að stuðla að markvissri samfelli í þjálfun þeirra dansara sem ekki starfa við stofnanir hefur þjálfunin hvetjandi áhrif þegar kemur að samvinnu innan geirans í heild sinni. Námskeið verða haldin í samvinnu við hópa, hátíðir, menningar- og menntastofnanir. Þar gefst atvinnufólki í greininni færí á að halda áfram að bæta við menntun sína og þjálfun. Önnur námskeið verða meira við hæfi áhugafólks og almennings. Hugað verður að því að gera listdansinn aðgengilegan fyrir ólíka hópa og skoða tengsl hans við mismunandi menningartrauma. Sérstök áhersla verður lögð á að ná til þjóðfélagshópa sem hingað til hafa haft lítil kynni af listdansi.

### **3.4 Fræðsla og áhorfendur**

Danshúsið ræður yfir sérstökum aðstæðum til að brúa bilið á milli nýsköpunar og áhorfenda með námskeiðum, málstofum, viðtölum, kynningum og fleiru. Þannig gerir Danshúsið áhorfendum kleift að þróa með sér skilning og virðingu fyrir mismunandi birtingarmyndum dansins og getu til að nálgast tilraunir komandi kynslóða danslistamanna með opnum huga. Danshús brýtur upp viðteknar hugmyndir um gildi og viðmið innan listdansins sem og í samfélagi listanna. Það hlúir að dansi óháð óskum markaðarins og þróar leiðir til að koma honum á framfæri. Með þessu er ekki farið út fyrir ramma markaðarins heldur er hann endurskilgreindur og listdansinn gerður samkeppnishæfur á menningarmarkaði.

### **3.5 Uppbygging tengslaneta**

Samskipti, samvinna og flæði milli landa eru mjög mikilvæg fyrir þróun listdansins. Í því samhengi skiptir máli að tengsl við alþjóðleg danshús, framleiðslufyrirtæki, hátíðir og dansflokka séu byggð upp frá byrjun, bannig geta þau breikkað sjóndeildarhringinn svo um munar. Danshúsið mun vinna með öðrum danshúsum í Evrópu en þau nema mörgum tugum. Þessi samvinna mun einblína á myndun tengslaneta og skipti á ungu og efnilegu hæfileikafólki. Danshúsið mun sækjast eftir að verða hluti af tengslanetum eins og AEROWAVES, DEPARTS (P.A.R.T.S), Réperages, The Migrant Body og IDEE auk þess að stofna eigin tengslanet.

#### **3.5.1 Reykjavík Dance Festival (Nútímadanshátíð í Reykjavík)**

Mikilvægur afrakstur tengslaneta eru alþjóðlegar danshátíðir. Danshúsið skipuleggur árlega alþjóðlega skiptihátíð í samvinnu við Reykjavík Dance Festival. Hátíðin sýnir verk framsækinna danslistamanna og leggur metnað sinn í að kynna nýjar kynslóðir dansara, danshöfunda og performance listamanna samhliða þeim eldri og reyndari. Þannig skapast grundvöllur fyrir kynslóðirnar til að mætast og veita hvor annarri innblástur. Auk þess fá íslenskir danshöfundar tækifæri til þess að vinna með þekktum danshöfundum sem staddir eru í Reykjavík hverju sinni vegna danshátíðarinnar.

Möguleikar opnast fyrir framleiðslusvið danshússins og önnur danshús í Evrópu að meðframleiða verk í tengslum við Reykjavík Dance Festival. Fullbúin verkin munu síðan fara á ferðalag um heiminn og verða sýnd á helstu hátíðum.

# VIÐAUKI

## - Forsendur áframhaldandi þróunar

### **Íslenskur listdans á tímamótum**

Félag íslenskra listdansara (FÍLD) fagnar um þessar mundir 60 ára afmæli sínu en félagið var stofnað 27. mars 1947 á heimili Ástu Norðmann. Ásta var fyrsti formaður félagsins, en stofnfeldagar auk hennar voru Sigríður Árman, Sif Þórz, Rigmor Hansen og Elly Þorláksson. Allar höfðu þær numið dans erlendis og voru að hasla sér völl í íslensku listalífi. Fyrsta baráttumál FÍLD kvenna var að fá danslistina viðurkennda sem sjálfstæða og marktæka listgrein en tilhneiting var til að flokka hana sem hliðargrein af leiklistinni. Óformlegra upphaf listdansins má rekja 100 ár aftur í tímann eða til konungskomunnar árið 1907 en í fylgdarliði konungs var herra Berthelsen sem Stefanía Guðmundsdóttir og Árni Eirksson höfðu fengið hingað til að kenna dans. Í þessari 100 ára sögu listdans á Íslandi táknað stofnun FÍLD upphaf áralangrar baráttu og uppbyggingar listdans hérlandis þar sem markmiðið var að gæta hagsmuna íslenskra danslistamanna, efla danslistina á Íslandi og reyna að hafa áhrif á úthlutun fjár- og styrkveitinga til listdansmála. Það hefur síðan breyst í tímans rás hvaða baráttumál eru efst á baugi, enda ber það vott um að árangur hafi náðst á ýmsum sviðum.

### **Sögulegt samhengi**

Dansmenntun barna hefur alla tíð verið félagsmönnum hugleikin og um tíma var rekinn listdansskóli á vegum félagsins. Upphafskonur FÍLD kenndu allar dans og ráku margar eigin skóla og síðan þá hefur verið unnið öflugt starf í dansmenntun barna m.a. í einkareknum listdansskólum, skólum sem margir hafa haldið uppi samfelldu starfi áratugum saman. Árið 1952 var Listdansskóli Þjóðleikhússins stofnaður og var fyrsti skólastjóri skólans daninn Erik Bisted. Hann var síðan ráðinn listdansstjóri Þjóðleikhússins og fylgdi það starfi listdansstjóra leikhússins að veita skólanum forstöðu. Þegar Íslenski dansflokkurinn var stofnaður 1973 færðist stjórnun skólans yfir á herðar Þjóðleikhússtjóra sem hafði um tíma umsjón með listdansskólanum, dansflokknum og leikhúsini. Fyrir þrjátíu árum síðan eða árið 1977 var Ingibjörg Björnsdóttir ráðin fyrsti skólastjóri Listdansskóla Þjóðleikhússins og gegndi hún því starfi sleitulaust til 1997.

Stofnun Íslenska dansflokkins var brennheitt baráttumál FÍLD. Með því að koma á atvinnugrundvelli fyrir dansara vildu félagsmenn auka möguleikana á sjálfstæðri þróun listdansins og með stofnun flokksins rættist þessi langþráði draumur félagsmanna. Fyrsta starfsár flokksins fór fram í Félagsheimili Seltjarnarness, en síðan var flokkurinn tekinn undir verndarvæng Þjóðleikhússins þar sem hann átti sitt heimili næstu árin. Með tilkomu Íslenska dansflokkins og Listdansskóla Þjóðleikhússins urðu ákveðin vatnaskil en á þeirri stundu var orðið til atvinnumiðað dansnám, listdansinn var tengdur starfandi leikhúsi og þar af leiðandi orðinn að viðurkenndri atvinnugrein. Starfsemi dansflokkins var tengd Listdansskóla Þjóðleikhússins sterkum böndum og tóku nemendur skólans reglulega þátt í sýningum flokksins. Árið 1990 fluttu bæði dansflokkurinn og listdansskólinn úr því hreiðri sem Þjóðleikhúsið hafði búið þeim og settust að á Engjateigi 1 og breytti skólinn nafni sínu í Listdansskóli Íslands. Störfuðu þeir saman þar til um haustið 1997 að dansflokkurinn flutti í Borgarleikhúsið og þetta urðu tvær aðskildar stofnanir.

### **Menntabyltingin**

Eftir að Örn Guðmundsson tók við Listdansskóla Íslands árið 1997 tók hann miklum stakkaskiptum. Komið var á stofn framhaldsskólastigi í nútímadansi og klassískum listdansi í samvinnu við framhaldsskólana á höfuðborgarsvæðinu. Við stofnun þessa menntastigs var litið til sambærilegra skóla á norðurlöndunum og þá sérstaklega sánska ballettskólans. Aðkoma erlendra gestakennara að Listdansskóla Íslands jókst, samstarf hans við erlenda listdansskóla og tengslanet efldist til muna og haustið 2003 fóru fyrstu nemendurnir frá skólanum í starfsþjálfun hjá Íslenska dansflokknum.

Árið 2003 fór stjórn FÍLD að beita sér fyrir því að einkaskólarnir gætu sótt um styrk til sveitarfélaganna vegna starfsemi sinnar, sambærilegum þeim sem tónlistarskólarnir og

íþróttafélögin fengu. Haustið 2005 var svo tekin ákvörðun innan stjórnsýslunnar um algjöra uppstokkun á fjárfram lagi til dansmenntunar í landinu. Skýr skipting var þá gerð milli skólastiga í listdansi og reglugerðir um fjárframlög frá ríki og sveitarfélögum voru skrifaðar í kjölfarið. Innan ramma þessa nýja rekstrarfyrirkomulags gaf menntamálaráðuneytið út námskrár fyrir listdans á grunn- og framhaldsskólastigi, byggðar á þeim grunni, frá forskóla til stúdentsprófs sem þegar hafði verið lagður innan Listdansskóla Íslands. Vorið 2007 starfa auk Listdansskóla Íslands, Klassíski Listdansskólinn og Danslistaskóli JSB eftir nýrri námskrá fyrir framhaldsskólastigið og enn fleiri listdansskólar starfa eftir námskrá fyrir grunnskólastigið bæði á höfuðborgarsvæðinu sem og á landsbyggðinni. Litið er á þetta sem mikið framfaraskref fyrir listdansnám almennt en um tvöbúsund börn stunda nám í greininni í dag.

### **Háskólasamfélag í hröðum vexti**

Árið 2000 gekk FÍLD undir stjórn Nönnu Ólafsdóttur á fund Hjálmars H. Ragnarssonar rektors Listaháskólans til að ræða hugmyndir félagsmanna varðandi listdansnám á háskólastigi en Listaháskólinn hafði verið settur í fyrsta skiptið í september 1999. Lýst var yfir áhuga á að dansinn fengi sess innan veggja skólangs þar sem brýn nauðsyn þótti til að dansinn sæti við sama borð og aðrir í samfélagi listanna. Árið 2001 skoraði Ólöf Ingólfssdóttir sem þá hafði tekið við formennsku, að nýju á stjórn Listaháskólans að stofnuð yrði dansdeild innan hans. Fyrirséð var að þesskonar dansdeild yrði lyftistöng fyrir danslífð í landinu þar sem menntun dansara myndi færast hingað til lands, en landflóttinn hafði verið mikill, dansarar fóru erlendis í nám og snérú ekki til baka. Umræðan um tilhögun námsins tók breytingum eftir því sem Listaháskóli Íslands þróaðist og Listdansbraut framhaldsskólanna styrktist og vorið 2004 var tekin ákvörðun um stofnun 1 árs diplómanáms í dansi innan leiklistardeildar skólangs undir stjórn Karenar Maríu Jónsdóttur. Þróunin heldur áfram því haustið 2007 verður sögulegum áfanga náð þegar tekur til starfa 3 ára BA nám í samtímadansi sem miðar að því að útskrifa vel þjálfaða, skapandi og forvitna danslistamenn sem nálgast viðfangsefni sín með rannsakandi hug og eru tilbúnir að takast á við starfsferil í fjölbreyttum og síbreytilegum heimi dansins.

Önnur þróun innan háskólanna er tilkoma nýs kjörsviðs innan Kennaraháskóla Íslands (KHÍ) sem mennta á dansmenntakennara fyrir grunnskólanu. Árið 2003 voru skrifuð fyrstu drög þess nýja kjörsviðs en mikið vatn hefur runnið til sjávar og lokadrögum að fyrrnefndri braut var skilað nú í janúar 2007. Þróun þessa náms innan KHÍ varð möguleg uppúr 1999 en þá hlaut listdansinn í fyrsta skipti sinn sess innan aðalnámskrár grunnskóla þar sem hann var skilgreindur sem ein af fimm listgreinum á listasviði. Megintilgangur dansmennturnar innan grunnskólans er að gefa barninu tækifæri til að fá útrás fyrir, tjá og túlka hugsun sína, hugmyndir og tilfinningar með líkamstjáningu en skapandi hugsun og sköpunargáfa er einstaklingnum nauðsynleg til þess að mæta síbreytilegum kröfum nútímaþjóðfélags. Í kjölfar þessara hröðu breytinga var Félag Íslenskra listdanskennara stofnað en féluginu er ætlað að gæta að hagsmunum háksólamenntaðra listdanskennara hérlandis. Félagið var stofnað árið 2006 en fyrsti aðalfundur félagsins var haldinn á vordögum 2007. Auk háskólamenntaðra félagsmanna eru starfandi fjölmargir kennrar sem ekki hafa kennslréttindi en starfa í krafti faglegrar reynslu sinnar.

### **Fræðin og dansinn**

Íslenska dansfræðifélagið var stofnað árið 1998 að frumkvæði Dr. Sigríðar P. Valgeirs dóttur, með það markmið að skapa farveg fyrir samskipti og samvinnu þeirra sem sinna dansrannsóknum, jafnframt því að efla fræðilega þekkingu á dansi og stuðla að auknum dansrannsóknum hér á landi. Íslenska dansfræðafélagið er aðili að NOFOD, Nordisk forum for dans forskning. Hefur félagið staðið fyrir ráðstefnum um dansrannsóknir og árið 2004 kom það í hlut Íslendinga að halda ráðstefnuna, undir yfirlíftinni Dance Heritage: Crossing Academia and Physicality. Fyrilesrar og þátttakendur voru þó ekki aðeins frá Norðurlöndunum því í sívaxandi mæli hafa virtir fræðimenn víða að úr heiminum sótt þessar ráðstefnur. Segja má einnig að ráðstefnur NOFOD hafi skilað miklum árangri í formi aukinna dansrannsókna og samvinnu norrænna fræðimanna á þessu sviði.

Auk þessa stendur dansfræðifélagið sem hluti af NOFOD fyrir samnorrænu mastersnámi í dansfræðum, fjölgar félagsmönnum sem eru vel menntaðir á dansfræðasviði stöðugt og fjölmörg verkefni bíða þeirra hérlandis.

### **Íslenskt danslíf anno 2007**

Þrátt fyrir 100 ára sögu listdans á Íslandi hefur mesti vaxtakippurinn átt sér stað síðastliðin 10

árin, má því segja að íslenskur listdans sé mjög ung atvinnugrein. Á þessum 10 árum hefur stórum áfanga verið náð í menntun dansarans, Íslenska dansflokknum hefur vaxið ásmegin og var fjármagn til hans stóraukið á liðnu ári.

Félagsmenn FÍLD eru nú um 60 talsins og stór hópur þeirra eru sjálfstæðir dansarar og danshöfundar sem starfa verkefnabundið fyrir stóru leikhúsini og leikhópa auk þess að vinna að verkefnum fyrir áhugaleikfélög og framhaldsskóla, fyrir auglýsingar, dagskrá- og kvíkmyndagerð. Það er í þeirra málaflokki sem mikilla breytingar er þörf en fjármagns- og aðstöðuleysi hefur verið dragbítur á greininni og heft þá þróun sem möguleg væri innan hennar. Mikil þörf er á opinberri stefnumörkun í atvinnulífi landsins á sviði listdansins þar sem virkjun hugvitsins og markviss sköpun verðmæta er höfð að leiðarljósi. Búa þarf listdansinum umhverfi við hæfi þannig að hann geti þroskast sem atvinnugrein sem ekki aðeins stendur jafnfætis öðrum listum heldur einnig öðrum atvinnugreinum í þekkingarsamfélagi.

### **Gróskan og grásrótin**

Fyrir tilstilli sjálfstæðra dansara og danshöfunda hefur fjöldi og fjölbreytileiki danssýninga aukist all verulega. Ungir dansarar hafa komið með ný form inn í leikhúsið, m.a. með því að nýta sér aðrar listgreinar til sambættingar í sköpunarverki sínu. Ekki hefur einungis verið um frumsköpun í dansi að ræða heldur einnig frumflutning nýrrar tónlistar í sömu andrá og sviðslistin hefur öll orðið ríkari fyrir vikið. Sjálfstæðir danshópar sem starfa undir flaggi Bandalags Sjálfstæðra Leikhúsa(SL) eru fjölmargir. Má þar nefna Dansleikhúsið, Dansleikhús með Ekka, Ólöf danskompaní, Panic Productions, Pars Pro Toto, dansmyndaframleiðandann MyPocketProduction og hópa sem sprottið hafa upp á síðastliðnu ári eins og Ugly Duck, Good Company og Íslensku hreyfibróunarsamsteypuna. Sýningar sjálfstæðu danshópanna eru unnar og sýndar bæði hérlandis og erlendis og má áætla að fjöldi sýninganna á síðasta ári hafi verið í kringum 50 með tilheyrandi áhorfendafjölda.

Árið 2006 var að frumkvæði Félags íslenskra leikara (FÍL) undirritaður samstarfssamningur til þriggja ára milli Reykjavíkurborgar, Icelandair, Glitnis og FÍL um Loftbrú Reykjavíkur – Talíu. Sjóðurinn er hugsaður sem alþjóðlegur tengslasjóður fyrir sviðslistamenn og hefur hann stutt m.a. við bakið á framsæknum sjálfstætt starfandi dönsurum og danshópum sem hefur verið boðið að sýna list sína á erlendri grund.

### **Vegur þroskans**

Hópur sjálfstætt starfandi dansara og danshöfunda fer stækkandi á Íslandi og er ljóst að sífellt fleiri velja sér Ísland sem starfsvettvang. Er danshátiðin Reykjavík Dance Festival runnin undan rifjum nokkura þessa sjálfstæðu danshöfunda. Þessi danshátið er sú eina sinnar tegundar hér á landi, hún var stofnuð árið 2002 og auk þess að skapa vettvang fyrir ný íslensk dansverk er markmið hennar að efla samstarf við íslenska dansara erlendis og auka við fjölbreytni danssýninga hérlandis með erlendum gestasýningum. Hátíðin hefur stækkað frá ári til árs og verður hún haldin í fimmta sinn haustið 2007. Akkur Reykjavík Dance Festival hefur verið fjölbreytni í efnisvali, hefur hátíðin kynnt verk eftir íslenska jafnt sem erlenda höfunda. Meðal erlendra listamanna sem hafa tekið þátt í hátíðinni eru Alix Eynaudi, Frank Gehrig, Jared Gradinger og Paulo Castro auk leikkvennanna Anne Tismer og Rahel Savoldelli. Vegna þessa hefur hátíðin fengið á sig alþjóðlegan blæ og hefur hún auk þess vakið athygli á Reykjavík sem fjölbreyttu og framsæknu menningarsamfélagi.

Þó svo að ýmislegt merkilegt hafi gerst í uppbyggingu listdansins hér á Íslandi undanfarin ár er þó enn mikilvægt að hlúa áfram að rækt íslenskra dansara og danshöfunda. Vettvangur fyrir nýja höfunda til að þroskast og þróa hönnun sína er harla takmarkaður og ennþá eru tækifæri þeirra til að sýna verk sín alltof fá. Prototype 108 er vettvangur fyrir verk í vinnslu, stofnað haustið 2006 af danslistamönnum Andreas Constantiniou og Steinunni Ketilsdóttur. Prototype er röð mánaðarlegra sýninga þar sem listamenn frá hinum ýmsu listgreinum hafa tækifæri til þess að sýna verk sem eru enn í vinnslu. Markmið sýninganna er að skapa umhverfi þar sem megináherslan er lögð á sköpunarferlið, tilraunir og nýjar hugmyndir og í lok hverrar sýningar opnar umræðum milli áhorfenda og listamanna sem stjórnað hefur verið að miklum krafti. Óhætt er að segja að Prototype 108 hafi verið listdansinum til framdráttar.

### **Nýsköpunargjáin**

Líta má á sjálfstæða dansara, danshöfunda og dansfræðimenn sem sprotafyrirtæki, mikilvægi þeirra er augljóst en stöðug og virk nýsköpun er grunnskilyrði í framþróun atvinnulífsins og

forsenda gróandi þjóðlifs. Þannig eru þeir grundvallarþáttur í allri samfélagslegri stefnumótun, fyrir samkeppnishæft atvinnulíf og gróskumikið þjóð- og menningarlíf sem byður komandi kynslóðum glæsilega kosti og fjölbreytt tækifæri. Þrátt fyrir aukinn stuðning við sjálfstæða dansgeirann er ýmissa lagfæringa þörf – og er það verkefni mjög brýnt. Augljósasti vandinn er að ekki hefur náðst að ná endum saman á milli opinberra fjármagnsfjárfesta og aðkomu framtaksfjárfesta. Þessi ósamfella í fjármögnun kallaðar á aðgerðir allra aðila, jafnt stjórnvalda sem annarra. Úrlausn felst annarsvegar í auknum fjárfamlögum til þessa málauflokks og hinsvegar í betri samræmingu innan dansgeirans til að tryggja nauðsynlega samfelli. Framtíðarsýn um gróandi danslíf á Íslandi byggist á öflugri og viðvarandi nýsköpun ásamt stöðugri mennta- og víssindasókn í fylkingarbrjósi.





